

Katrín Ólafsdóttir skrifar:

### Er að marka fjárlög?

Fjárlög fyrir árið 2004 hafa nú verið samþykkt á Alþingi. Fjárlagafrumvarp komandi árs er að jafnaði stærsta mál sem lagt er fram á haustþingi. En er eitthvað að marka fjárlögin? Þegar útgjöld ríkissjóðs eru skoðuð frá því ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi á árinu 1998 kemur í ljós að á hverju ári frá 1998 hækka útgjöld ríkissjóðs í meðförum Alþingis, frá frumvarpi til fjárlaga, en einnig eru raunveruleg útgjöld ársins töluvert hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Einn af sérfræðingum OECD í efnahagsmálum hefur tekið saman grein um útgjöld hins opinbera á Íslandi (Hannes Suppanz, Controlling Public Spending in Iceland, Economic Department Working Paper no. 360, June 2003). Þar er að finna er yfirlit um útgjaldatölur fjárlagafrumvarps, fjárlaga og niðurstöður árána 1998-2003. Þessa töflu hef ég uppfært fyrir árin 2003 og 2004 samkvæmt fjárákálögum fyrir árið 2003 og fjárlögum ársins 2004.

**Útgjöld ríkissjóðs 1998-2004**  
Samkvæmt fjárlagafrumvarpi, fjárlögum og ríkisreikningi

	Milljarðar króna			Hlutfallslegur mismunur, %	
	Frumvarp A	Fjárlög B	Niðurstaða C	B-A	C-B
1998	162,7	165,7	189,6	1,8	14,4
1999	179,2	182,4	199,0	1,8	9,1
2000	190,0	193,2	229,0	1,7	18,5
2001	210,0	219,2	228,7	4,4	4,3
2002	239,3	239,4	267,3	0,0	11,7
			<i>Áætlun</i>		<i>Áætlun</i>
2003	253,3	260,1	272,7	2,7	4,8
2004	273,0	275,2	299,6	0,8	8,9

Á hverju ári hækka útgjöld ríkissjóðs í meðförum Alþingis, frá frumvarpi til fjárlaga, en hækkunin er mun meiri þegar borin eru saman raunveruleg útgjöld ársins og útgjöld samkvæmt fjárlögum. Í meðförum Alþingis jukust útgjöld ríkissjóðs um allt að 4,4% á árunum 1988 til 2004. Hér er um að ræða áætluð gjöld, en hvernig er með útkomuna? Mismunur fjárlaga og niðurstöðu ársins er minnstur á árinu 2001, eða 4,3%. Samkvæmt fjárákálögum fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að útgjöld verði 4,8% hærri en fjárlög á þessu ári. Mestur var mismunurinn hins vegar á árinu 2000, þegar hann fór í 18,5%.

Við hverju má þá búast af fjárlögum komandi árs? Miðað við að í fjárlögum sé gert ráð fyrir útgjöldum sem nema 275 milljörðum króna og ef þróun undanfarinna ára endurtekur sig, þá má búast við því að raunveruleg útgjöld komandi árs verði um 300 milljarðar króna, sem er 25 milljörðum hærri upphæð en fjárlög gera ráð fyrir.

Við framreikninginn notaði ég meðaltal frávíkanna frá 1998 til 2003, að undanskildur hæsta gildinu (18,5% á árinu 2000). Þannig hafa raunveruleg útgjöld hvers árs að jafnaði verið 8,9% hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

*Höfundur er hagfræðingur og kennir við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.*